

**Ed.**

**468. Nefndarálit**

**[163. mál]**

um frv. til laga um þjóðskrá og almannaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við hagstofustjóra, sem er höfundur þess.

Tilgangur frumvarpsins er að koma fastri skipan á manntalið í landinu. Er að því stefnt, að hvorki falli menn niður af manntali né séu skráðir víðar en á einum stað. Áherzla er á það lögð, að fyrir 1. desember ár hvert liggi fyrir tilkynningar um allar breytingar á manntali frá næsta ári á undan. Með samstarfi því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á milli hagstofunnar, sveitarstjórna, presta og skattanefnda virðist vel fyrir því séð, að tilgangur frumvarpsins náist, enda veltur á miklu, að svo verði. Nefndin mælir því með frumvarpinu og bendir á, að vegna þeirrar tihögunar, sem orðin er á um álagningu skatta, eftir að vélar hagstofunnar komu til sögunnar, er á því mikil nauðsyn, að sem fyrst komist það fasta form á manntalið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 8. marz 1956.

Karl Kristjánsson,  
form.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr.

Guðm. Í. Guðmundsson,  
frsm.

Hermann Jónasson.

Sigurður Ó. Ólafsson.